

**79. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholti 25. ágúst 2020 kl. 13**

*Mætt: Drífa, Óskar, Olga, Sólborg (í gegnum fjarfundarbúnað) og Þórarinn.
Auk þess Kristján vígslubiskup og Hólmfríður framkvæmdastjóri.*

1. **Fundarsetning.** Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. **Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð.**

3. Fjármál.

Hólmfríður og Olga fóru yfir stöðu mála. Bráðabirgðaniðurstöður fyrir árið 2020 liggja fyrir og þar kemur fram að reksturinn er þungur og tap töluvert. Fram kom að tapreksturinn skýrist einkum af háum launakostnaði og lítilli innkomu sl. mánuði, ekki síst vegna Covid 19 veirufaraldursins sem skekur samfélagið. Umræður urðu nokkrar um þessa stöðu.

4. Erindi frá Salome Friðgeirsdóttur um ratleikjaapp.

Salome mætti á fundinn í gegnum fjarfundabúnað og kynnti ratleikjaappið sem býður upp á ýmsa möguleika sem henta á fjölskyldufólki og öðrum þeim sem sækja Skálholt heim og vilja kynnast umhverfi og sögu staðarins. Umræður og fyrirspurnir. Ákveðið að skoða málið í stærra samhengi, þe í samvinnu við fleiri aðila á svæðinu og í sveitarfélaginu. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa uppsveitanna og kanna mögulegt samstarf við fleiri um ratleikjaappið.

5. Ráðsmannsstaðan.

Gunnar Óskarsson, ráðsmaður í Skálholti mætti á fundinn og sagði frá helstu verkefnum hans fyrstu vikurnar í starfi. Umræður og fyrirspurnir. Stjórnin sammála um hve mikilvægt er að hafa fengið ráðsmann í Skálholt til að hafa umsjón með eignum þar og eftirlit með framkvæmdum í samráði við Fasteignasvið Biskupsstofu.

6. Staða viðhaldsverkefna.

Hólmfríður framkvæmdastjóri sagði að verið væri að ljúka við fyrsta áfangann í viðgerð á kirkjutröppum Skálholtsdómkirkju og sömuleiðis eru framkvæmdir á sex herbergjum í gömlu álmu skólans á lokastigi. Þá er búið að slá og hirða túnin í Skálholti. Vígslubiskup fór yfir stöðu mála varðandi bókasafnið í Skálholti sem var kynnt og rætt í kirkjuráði nú nýverið. Fram kom að teikningar á gestastofu eru enn í ferli hjá byggingarfulltrúa en þess er vænst að framkvæmdir þar geti hafist í haust.

7. Önnur mál.

Vígslubiskup sagði frá því að fyrir dyrum stæðu framkvæmdir á undirgöngum við kirkjuna og vinna við merkingar á minjasvæði ofl. En Minjastofnun hafði úthlutað styrk til þeirra framkvæmda. Þá ræddi vígslubiskup um fyrirhugað „heimsþing um umhverfismál“ sem haldið verður í Skálholti 5.-8 okt. nk. Þingið verður sent út á netinu út um víða veröld og er gert ráð fyrir að um 500 manns muni taka þátt í störfum þingsins, bæði á staðnum og í gegnum fjarfundarbúnað. Fram koma að ýmsir af helstu trúarleiðtogum heimsins munu taka þátt í heimsþinginu. Vígslubiskup sagði jafnframt frá samskiptum sínum við forystufólk í sveitarstjórn Bláskógarbyggðar sem ætlar að reyna að flýta fyrir tengingu ljósleiðara í Skálholt, því afar þýðingarmikið er að sú tenging verði komin í gagnið þegar kemur að fyrrgreindu heimsþingi. Þá greindi vígslubiskup frá því að framkvæmdir við uppsetningu á hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla myndu hefjast á næstu vikum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
fundarritari

**80. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholti 29. október 2020 kl. 13.00**

Mætt: Drífa, Sólborg, Olga, Þórarinn og Óskar. Auk þess Kristján vígslubiskup, sr. Egill sóknarprestur í Skálholti, Hólmfríður framkvæmdastjóri og nýr framkvæmdastjóri Skálholts, Herdís Friðriksdóttir.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð.

3. Starfsmannamál. Drífa bauð nýráðinn framkvæmdastjóra Skálholts, Herdís Friðriksdóttur, velkomna til starfa og væntir stjórnin góðs af störfum hennar í þágu Skálholts. Herdís mun njóta leiðsagnar Hólmfríðar næstu vikurnar en nýr framkvæmdastjóri tekur formlega til starfa 1. nóvember nk.

4. Gisti-og veitingaþjónustan. Sigurbjörg Ólafsdóttir mætti á fundinn og sagði frá rekstrinum upp á síðkastið sem hefur verið þungur, ekki síst vegna covid-faraldursins. Þá sagði hún að endurnýja þyrfti eldavél í eldhúsi og var henni falið að leita tilboða í nýja eldavél. Þá var rætt um aðkomu og þjónustu Sigurbjargar og hennar fólks við gestastofuna.

5. Ráðsmannsstaðan. Gunnar Óskarsson, ráðsmaður, mætti á fundinn og sagði frá helstu verkefnum upp á síðkastið, m.a. endurbótum á ráðsmannshúsi, rakaskemmdum sem upp hafa komið í Skálhótsbúðum og fleira. Almennar umræður.

6. Staða bókhaldsmála. Hólmfríður framkvæmdastjóri sagði frá því að verið væri að vinna í bókhaldi, bæði fyrir árin 2018 og 2019. Rætt um mikilvægi stefnumótunar í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í samfélaginu. Stefnt að því að stjórnin, framkvæmdastjóri og vígslubiskup komi að þeirri vinnu. Nýjum framkvæmdastjóra og vígslubiskupi falið að undirbúa stefnumótunarvinnuna. Umræður.

8. Fjármál. Rætt um að óska eftir því við Bjarna Hlyn Ásbjörnsson og Þorbjörgu Guðjónsdóttur að þau taki að sér að vera skoðunarmenn reikninga fyrir Skálholt. Hólmfríði framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

9. Samningur Skálholtsstaðar og Sumartónleikanna. Kynnt voru drög að samstarfssamningi Skálholts við Sumartónleikana. Umræður og nokkrar athugasemdir sem Herdís framkvæmdastjóra var falið að fylgja eftir.

10. Staða viðhaldsverkefna. Farið var yfir stöðu mála. Eftirfarandi bókun var samþykkt: „Stjórn Skálholts leggur áherslu á að hafa skýra aðkomu að ákvörðunum um framkvæmdir og viðhaldsverkefni í Skálholti og forgangsroðun

þeirra. Mikilvægt er að stjórnin hafi aðkomu að slíkum ákvörðunum þar sem hún hefur umsjón með rekstri staðarins, stefnumótun ofl.” Stjórnin óskar eftir fundi sem fyrst með Arnóri Skúlasyni, verkefnastjóra á Fasteignasviði, Stefáni Andræssyni frá Verkís og Brynju Dögg Briem framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Vígslubiskup greindi frá því að verið sé að undirbúa gögn sem snúa að útboði á viðamiklum framkvæmdum á kirkjunni. Einnig sagði vígslubiskup frá því að búið væri að ganga frá ljósleiðaratengingu á staðinn og sömuleiðis er búið að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafbíla á bílastæðinu í Skálholti. Þá er verið að bæta við tækjabúnaði sem tengjast streymisbúnaði í kirkjunni.

Bráðabirgðaviðgerðum við kirkjuna vegna leka er lokið. Fram kom að vinna og framkvæmdir við fyrsta áfangann að Þorláksleið er hafin. Vígslubiskup kynnti stöðu og framvindu þess verkefnis. Einnig sagði hann frá því að Minjastofnun hafi veitt styrk fyrir þetta ár vegna fornminja í Skálholti og verið er að framkvæma fyrir þann styrk, sem m.a. snýr að bílastæðagerð, skiltamerkingum og endurbótum á hleðsluvegg í göngum.

11. Önnur mál. Vígslubiskup ræddi um heimsráðsstefnuna í Skálholti sem haldin var í byrjun október og niðurstöður þar sem m.a. Skálholtsstaður ætti að horfa til í sinni stefnumótun. Þá kynnti vígslubiskupinn skírnaðskóginn sem staðsettur er í Skálholti. Fram kom að verndarsjóðurinn hefur umsjón með undirbúningi á flutningi bókasafnsins úr turni kirkjunnar. Vígslubiskup greindi frá því að komið væri tilboð í nýja kirkjuklukku í kirkjuna og eru þau mál í farvegi. Verndarsjóðurinn mun halda utan um það verkefni einnig. Þá minnti vígslubiskup á kyrrðardaga kvenna sem er einn af mörgum mikilvægum fastaliðum í dagskrá Skálholtsskóla. Sr. Egill sóknarprestur tók til máls og taldi það farsæla ákvörðun að hafa ráðið til staðarins ráðsmann og sömuleiðis lýsti hann ánægju með ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Þá taldi sr. Egill það góða ráðstöfun að hafa leigt út veitinga- og gistireksturinn í Skálholti. Hólmfríði flutti hann miklar þakkir fyrir hennar heilladrjúgu störf í gegnum árin. Drífa formaður ávarpaði Hólmfríði, fráfarandi framkvæmdastjóra, sérstaklega í lok fundar og flutti henni innilegar þakkir fyrir öll hennar óeigingjörnu störf í þágu Skálholts í gegnum tíðina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
fundarritari

**81. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholti 7. desember 2020 kl. 13.00**

Mætt: Drífa, Óskar, Olga, Sólborg og Ásborg (í gegnum fjarfundarbúnaði). Auk þess Herdís framkvæmdastjóri, Kristján vígslubiskup og Hólmfríður fráfarandi framkvæmdastjóri.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð. Í framhaldinu flutti formður stjórnar stutt þakkarávarp til Hólmfríðar Ingólfssdóttur fráfarandi framkvæmdastjóra og afhenti henni jafnframt gjöf sem þakklætisvott fyrir hennar heillaríku störf í þágu Skálholts í gegnum tíðina.

3. Staða viðhaldsverkefna

- Gunnar Óskarsson mætti á fundinn og greindi frá helstu viðhaldsverkefnum. Smíðir eru að störfum í Skálholtsbúðum og vinna þar að viðgerðum. Búið er að panta klæðningu til að klæða skemmuna að austanverðu og er stefnt að því að ljúka þeim framkvæmdum í vetur. Þá er verið að vinna að endurbótum innanhúss í ráðsmannshúsinu. Almennar umræður og fyrirspurnir og rætt um mikilvægi þess að gera framkvæmdaáætlun fyrir staðinn í samráði við fasteignasvið Biskupsstofu.

4. Fjármál - staða bókhaldsmála. Hólmfríður greindi frá stöðu mála. Stjórn lýsir þungum áhyggjum yfir því að ekki sé búið að ganga frá ársreikningum 2018 og 2019. Einnig hafa komið fram ágallar á ársreikningi frá 2017. Þá hefur stjórnin ekki undir höndum upphafstölur fyrir árið 2020. Mikilvægt er að allir þessir reikningar liggi fyrir um næstu áramót, þannig að hægt verði að hefja árið 2021 með hreint borð.

Þá kom fram að reikningar hafi borist til Skálholts, annars vegar frá Advania (upb 80 þús. kr.) og frá Ríkisendurskoðun (upb 2 milljónir kr.) vegna bókhaldsvinnu. Stjórnin samþykkir að senda þessa reikninga til baka á Biskupsstofu enda tilheyra þeir fyrrgreindri ófrágenginni vinnu við ársreikninga sem ekki er á borði stjórnar Skálholts.

Olga, fulltrúi PEP bókhalds, fór yfir stöðu bókhaldsmála. Í framhaldinu fór hún yfir bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2020.

Þá gekk stjórnin frá undirritun á skjölum v. kreditkorts til nýs framkvæmdastjóra Skálholts.

5. Gróðursetningarverkefni. Málið kynnt og rætt. Stjórnin tekur jákvætt í erindifrá umhverfishópi kirkjunnar og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

6. Veiði, skilti og merkingar. Vígslubiskup skýrði frá vinnu sinni við skipulag á veiði í Brúará og Hvítá í landi Skálholts. Bæta þarf merkingar á veiðistöðum og vegaslóðum. Framkvæmdastjóra og vígslubiskupi falið að vinna málið áfram og þá út frá fjárhagsáætlun næsta árs.

7. Þorlaksleið. Herdís framkvæmdastjóri greindi frá stöðunni, búið verður að framkvæma fyrir 6,8 milljónir króna í lok árs vegna Þorlaksleiðar. Ásborg og Herdís vinna að málinu áfram.

8. Dagskrá – verkefni framundan. Herdís framkvæmdastjóri sagði frá því að sótt hafi verið um að Skálholt væri þátttakandi í ferðaklasanum, Ratsjá, þar sem ræddar verða leiðir til að efla ferðapjónustuaðila til að mæta nýjum áskorunum í kjölfar covid. Herdís og Sigurbjörg munu taka þátt í þessu verkefni. Þá er búið að setja upp youtube rás fyrir Skálholt til að auka mynd- og hljóðgæði vegna streymis frá kirkjunni. Sömmuleiðis eru Instagram reikningar Skálholts í skoðun. Staða bókana fyrir nýtt ár lítur þokkalega út. Síðan sagði Herdís frá hugmyndum sínum um ýmis smærri námskeið á vormisserinu, sem m.a. byggjast á fræðslu og gönguferðum um staðinn. Fjölmargar áhugaverðar hugmyndir eru í deiglu, sem m.a. snúa að því að fá hingað innlenda og erlenda ferðahópa. Almennar umræður. Fram kom að endurnýja þarf heimasíðuna og skoða hana í samhengi við aðrar stafræn kynningarform fyrir staðinn.

9. Samningur vegna Sumartónleikana. Málið er enn í vinnslu.

11. Önnur mál. Hólmfríður greindi frá því að Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og Þorbjörg Guðnadóttir hafa fallist á að verða bókunarmenn reikninga fyrir Skálholt. Stjórnin samþykkti þau sem skoðunarmenn. Rætt var um ýmislegt sem lítur að framkvæmdum, m.a. á kirkjunni en stefnt er að því að viðamiklum framkvæmdum á henni verði lokið árið 2023.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:40.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
fundarritari

82. fundur stjórnar Skálholts,**haldinn í Skálholti 25 . janúar 2021 kl. 13.00**

Mætt: Drífa, Óskar, Sólborg, Olga, Ásborg og Þórarinn. Auk þess Herdís framkvæmdastjóri og sr. Kristján vígslubiskup.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð.

3. Starfsmannamál. Herdís fór stuttlega yfir starfsmannamál fyrir komandi sumar en þau eru í skoðun og jafnframt í ákveðinni óvissu vegna faraldursins.

4. Gisti-og veitingaþjónustan. Sigurbjörg Ólafsdóttir mætir á fundinn.

5. Staða bókhaldsmála. Þorbjörg Guðnadóttir frá Ríkisendurskoðun, Ásdís Clausen starfandi fjármálastjóri kirkjunnar og Hólmsfríður Ingólfsdóttir fyrverandi framkvæmdastj. Skálholts mæta á fundinn. Þorbjörg kynnti og fór yfir ársreikning Skálholts fyrir árið 2018. Að því búnu bar formaður reikninginn upp til samþykktar og var ársreikningur 2018 samþykktur samhljóða. Þá kynnti Þorbjörg drög að ársreikningi 2019.

6. Staða viðhaldsverkefna. Arnór Skúlason frá fasteignasviði kirkjunnar mætir á fundinn ásamt Gunnari Óskarssyni, ráðsmanni í Skálholti. Arnór fór yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á kirkjunni. Útboðsgögn fyrir framkvæmdir á kirkjunni eru á lokastigi og verður verkið væntanlega boðið út á næstu vikum. Aðeins á eftir að fá nánari útlistanir á gerð þaksins. Fram kom að framkvæmdum við Skálholtsbúðir er að ljúka. Þá greindi Arnór frá fyrirhuguðum framkvæmdum við skólann en fjárveiting fyrir endurbætur á þaki liggur fyrir. Það mál er í skoðun. Fyrir liggur 25 milljóna króna fjárveiting í framkvæmdir á gestastofunni. Fyrsta verkefnið þar er að moka að húsi (fylla í holu sem snýr að skólanum) og steypa vegg og undirbúa nýjan inngang að húsinu en síðan að huga að frágangi í kjallaranum. Að síðustu fóru Arnór og Gunnar yfir smávægilegar framkvæmdir sem liggja fyrir, m.a. á ráðsmannshúsi og niðurrif á fjárhúsi, klæðning á skemmu ofl. Einnig var rætt um söluferli á gömlu gestastofunni (þjónustuhúsi) sem þrýst verður á að klárast á næstunni. Almennar umræður og fyrirspurnir.

7. Fjármál – Herdís fer yfir úthlutanir til Skálholtsstaðar og Skálholtskirkju

8. Verkefni framundan – Herdís

Sumartónleikar

Fræðsludagskrá

Skógrækt í Skálholti

Heimsóknir fermingarbarna

Markaðssetning – heimasíða

Vinnufundur framundan

9. Önnur mál

83. fundur stjórnar Skálholts, haldinn í Skálholti 1. mars 2021 kl. 11.30

Mætt: Drífa, Sólborg, Þórarinn, Olga, Ásborg og Óskar. Auk þess Herdís framkvæmdastjóri og Kristján vígslubiskup.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð.

3. Gisti-og veitingaþjónustan

-Sigurbjörg Ólafsdóttir mætir á fundinn. Hún fór yfir stöðuna í rekstrinum og fram kom að það sem verið hefur, hefur gengið vel. Heimasíða og bókunarforrit eru í vinnslu. Búið er að ráða kokk til starfa við skólann. Þá er starfsmannahald fyrir sumarið í vinnslu. Mikið hefur verið afbókað af því sem vera átti síðustu vikurnar og þær næstu. En eftir marsmánuð lítur þokkalega út með bókanir. Þá voru ræddir möguleikar á að opna kaffihús í gestahúsinu, jafnvel á komandi sumri – en það þyrfti að skipuleggja út frá framkvæmdum sem standa fyrir dyrum í kjallara gestastofunnar.

4. Staða viðhaldsverkefna

Gunnar Óskarsson mætir á fundinn. Verkefnum sem verið hafa í gangi í Skálholtsbúðum er nú að ljúka en þar liggja fyrir fleiri verkefni sem formaður bað Gunnar um að lista upp svo hægt sé að gera framkvæmdaáætlun. Þá greindi Gunnar frá því að heitu pottarnir við sumarbústaðina eru ónýtir og samþykkti stjórnin samhljóða að keyptir yrðu tveir nýir pottar við bústaðina. Þá standa enn fyrir dyrum framkvæmdir við húsnæði ráðsmanns. Að lokum greindi Gunnar frá ýmsum smávægilegum verkefnum á staðnum. Einnig var rætt um leigu á verkfærum sem eru í eigu Gunnars og nýttast í störfum hans við staðinn. Það mál er í skoðun.

5. Ársreikningur Skálholtsstaðar 2019. Formaður bar reikningana upp til samþykktar og var ársreikningur 2019 samþykktur samhljóða.

6. Framkvæmdastjóri: Fjárhagsstaða og stefnumótun Skálholts

Herdís framkvæmdastjóri ræddi um fjármálin, verið er að vinna að ársreikingingum 2020 og er vonast til að hann liggi fyrir í byrjun næsta mánaðar. DK kerfið verður tekið í notkun innan skamms til að halda utan um bókhaldið. Þá fór Herdís yfir fjárhagstöðuna í grófum dráttum eins og hún er nú. Stjórnin lagði áherslu á það við framkvæmdastjóra að lagðar yrðu fyrir stjórnarfundum nákvæmar tölulegar upplýsingar varðandi rekstrarstöðu Skálholts hverju sinni. Þá fór framkvæmdastjóri yfir hugmyndir um stefnumótunarvinnu sem fyrirhuguð er í apríl. Einnig fór Herdís yfir sínar hugmyndir varðandi stöðu og stefnumótun fyrir Skálholt og tækifæri sem þar liggja til framtíðar. Margt

áhugavert var þar á borð borið og lýsti stjórnin ánægju með hugmyndirnar. Almennar umræður.

7. Samþykktir Minjastofnunar. Vígslubiskup greindi frá samskiptum sínum við Minjastofnun varðandi endurbætur á kirkjunni. Gert er ráð fyrir að steinflísar verði settar á þak Skálholtskirkju. Stjórnin samþykkti samhljóða að fylgja ráðum Minjastofnunar varðandi þak kirkjunnar. Þá greindi vígslubiskup frá því að sótt hafi verið um 30 milljón króna styrk til húsafriðarsjóðs og er niðurstaða þeirrar umsóknar að vænta á næstu dögum. Einnig sagði vígslubiskup frá styrkjamöguleikum annars staðar frá. Fyrir liggur hönnun á lýsingu í kirkjunni sem unnin var í samráði við Minjastofnun. Verndarsjóður Skálholts hefur lýst áhuga á því að koma að fjármögnun á lýsingunni. Þá kom fram hjá vígslubiskupi að heilmikið hefur safnast upp í kostnað á endurnýjun á kirkjuklukkum en verndarsjóðurinn heldur líka utan um þá fjármögnun.

8. Prentsögusetrið – tillögur um rekstur. Vígslubiskup fór yfir stöðu mála. Fyrst fór hann stuttlega yfir framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á gestastofunni. Þá greindi vígslubiskup frá því að tíu milljónir hefðu fengist frá menntamálaráðuneytinu til að byggja upp prentsögusetur í kjallara gestastofunnar.

9. Önnur mál

**84. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholti 28. apríl kl. 13.00**

Mætt: Drífa, Olga, Óskar og Þórarinn. Auk þess Herdís framkvæmdastjóri og sr. Kristján vígslubiskup.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð.

3. Gisti-og veitingaþjónustan. Sigurbjörg Ólafsdóttir mætti á fundinn og fór yfir rekstrarstöðuna. Búið er að opna heimasíðu þar sem hægt er að bóka gistingu en síðan verður áfram í vinnslu. Stefnt er að meiri opnun í kringum miðjan maí og ætla Sigurbjörg og Herdís að vinna saman að markaðssetningu framundan til að vekja athygli á veitingaþjónustunni sem víðast. Fram kom hjá Sigurbjörgu að lítið bætist við í bókunum fyrir sumarið en verið er að vinna í þeim málum og standa vonir til að þær muni glæðast þegar faraldurinn er að baki.

4. Ráðsmannsstaðan og staða viðhaldsverkefna. Gunnar Óskarsson kom á fundinn og rakti helstu framkvæmdir sem nú eru í gangi. Fram kom að búið er að selja allar heyrúllur frá því í fyrra. Gunnar er þessa stundina í því að lagfæra hurðir á fjósi og loka gluggum. Byrjað er að steypa við gestastofuna og áður en steypuvinna heldur áfram þarf að huga að lagnavinnu. Von er á múrara til að klára kirkjutröppurnar á næstu vikum.

5. Staða bókhaldsmála og fjármála. Olga greindi frá stöðu mála, verið er að vinna að uppsetningu dk” bókhaldskerfis. Þar með verður allt bókhald Skálholts rafrænt. Herdís framkvæmdastjóri og Olga fóru yfir rekstrarniðurstöðu Skálholts fyrstu þrjá mánuði ársins (jan-mars). Fram kom að reksturinn er í jafnvægi heilt yfir. Rætt var um veiðileyfasölu í Hvítá og Brúará sem lofar góðu fyrir komandi sumar. Fram kom að skv. ákvörðun kirkjuráðs þá munu tekjur af veiðiréttindum sem tilheyra Mosfelli renna til Skálholts. Ársreikningur Skálholtsstaðar fyrir árið 2020 var lagður fram og lýsti stjórnin sérstakri ánægju með að hann væri fram kominn. Formaður fór yfir reikningana en þar má greinilega sjá áhrif heimsfaraldursins á rekstur síðasta árs. Nokkrar athugasemdir komu fram við reikningana og var Herdísi framkvæmdastjóra falið að fá skýringar á þeim áður en kemur að afgreiðslu og undirritun stjórnar. Herdís sagði einnig frá endurgreiðslu vsk sem von er á að skili sér inn á næstu dögum.

6. Verkefni framkvæmdastjóra. Herdís framkvæmdastjóri fór yfir nokkur atriði sem lúta að lækkun kostnaðar við rekstur í Skálholti og jafnframt möguleika til aukins tekjustreymis. Kynnti hún m.a. ýmsar leiðir við að ráða sumarstarfsmenn í hin ýmsu verkefni. Þá kom Herdís með ýmsar góðar hugmyndir við að kynna staðinn og einnig möguleika á að bjóða upp á leiðsögn og aðra afþreyingu á svæðinu ofl. Styrkur fékkst upp á 630 þús. frá Uppbyggingasjóði Suðurlands til að halda menningardaga. Herdís fór yfir afkomu af hinum ýmsu námskeiðum um sem haldin hafa verið það sem af er. Einnig kom hún fram með ýmsar hugmyndir að námskeiðum sem halda mætti í Skálholti. Almennar umræður og ánægja með þessi framkomnu atriði frá framkvæmdastjóra. Þá var farið yfir kolviðarverkefnið en sveitarsjórn féllst ekki á framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Skálholts miðað við núverandi skipulag. En í framhaldinu áttu framkvæmdastjóri og vígslubiskup fund með skipulagsfulltrúa, oddvita og fulltrúa kolviðarverkefnis sem voru jákvæðir fyrir skógræktinni og til þess að hún geti orðið að veruleika verður að breyta aðalskipulagi. Það mál er þegar komið í ferli og verður unnið að því áfram. Síðan kynnti framkvæmdastjóri sumarstarfsmenn fyrir komandi sumar. Loks fór framkvæmdastjóri yfir hugmyndir að ýmsum minjagripum sem mætti hanna fyrir Skálholt. Afar áhugaverðar hugmyndir sem vert er að skoða frekar. Markaðssetning var einnig til umræðu og sagði Herdís frá upptöku hljómsveitarinnar Kaleo í Skálholtsdómkirkju fyrir skemmstu og möguleg áhrif þess fyrir staðinn þegar lagið fer í dreifingu. Einnig var fjallað um lifandi leiðsögn kirkjuvarða um svæðið. Auglýsingamál í gegnum útvarp, póstlista, samfélagsmiðla, myndbönd, hlaðvarp ofl. voru einnig tekin til umræðu. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir fræðsludagskrá sumarsins og mögulegar tengingar við erlenda aðila um námskeið.

7. Erindisbréf stjórnar. Kynnt og lagt fram erindisbréf fyrir framkvæmdastjórn Skálholts.

9. Drög að samningi um Prentsögusetur Íslands. Kristján vígslubiskup kynnti drög að samningnum.

10. Önnur mál. Kristján vígslubiskup fór yfir nokkur atriði: a) Merkingar og vegabætur b) Þorláksleið – malbik og sláttuvél. Óskað verður eftir tilboðum í að malbika hluta af Þorláksleið. Þá á að festa kaup á sláttuvél til að slá hluta leiðarinnar sem nýtist einnig í önnur árleg sláttuverkefni á staðnum c) Ábyrgð v. kaupa á kirkjuklukku d) Pílagrímagangan Hólar-Skálholt með FÍ. Stefnt er að henni í sumar skv. nánara skipulagi hjá Ferðafélagi Íslands. Gangan yrði þá e.k. upptaktur að Skálholtshátíð. Olga vakti máls á vörslusjóðum sem tilheyra Skálholti og hvaða reglur gilda um úthlutanir. Umræður um hvaða sjóðir eigi að vera í umsjá Skálholts til framtíðar. Málið verður skoðað nánar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
fundarritari

**85. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholti 26. maí 2021 kl. 12.30**

Mætt: Drífa, Óskar, Olga og Þórarinn. Auk þess sr. Kristján vígslubiskup og Herdís framkvæmdastjóri.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð.

3. Gisti-og veitingaþjónustan. Sigurbjörg Ólafsdóttir kom á fundinn og fór yfir stöðu mála. Nýr kokkur hefur tekið til starfa, Bjarki Þór Sólmundarson, og verið er á fullu í að vinna í kynningu á veitingaþjónustunni. Bókanir fara hægt af stað en þó er aðeins að glaðna yfir þeim síðustu dagana og vonir standa til að þær muni aukast samhliða frekari opnun á sóttvarnartakmörkunum í samfélaginu.

4. Ráðsmannsstaðan og staða viðhaldsverkefna. Gunnar Óskarsson ráðsmaður mætti á fundinn og fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi. Verið er að loka útihúsum, fjósi og fjárhúsi og ýmis fleiri verkefni eru í farvatninu m.a. tengd hefðbundum vorverkum. Rætt var um mikilvægi þess að hafa fyrirliggjandi tímasetta framkvæmdaáætlun fyrir Skálholt.

5. Ársreikningur. Þorbjörg Guðnadóttir kom á fundinn og skýrði út ársreikning Skálholts 2020. Stjórnin lýsti ánægju sinni með að reikningurinn væri fram kominn og eftir kynningu og umræður var hann undirritaður af stjórnarmönnum.

6. Staða fjármála og fjárhagsáætlun. Herdís og Olga fóru yfir fjárhagsáætlun og stöðu fjármála.

7. Starfsmannamál. Herdís framkvæmdastjóri fór yfir ráðningu sumarstarfsmanna og starfssvið þeirra.

8. Fulltrúar Verndarsjóðs, Skólaráðs, Skálholtsfélags hins nýja og sóknarnefndar Skálholtssóknar mættu á fundinn kl 14:00 og fóru yfir það sem er á döfinni hjá þeim. Í upphafi bauð Drífa alla velkomna og í framhaldinu fór Herdís framkvæmdastjóri yfir helstu verkefni framundan í Skálholti. Þá kynnti Estrid Þorvaldsdóttir mastersverkefni sitt í Hagnýtri menningarmiðlum í tengslum við Skálholt. Almennar umræður og góð innlegg þar sem við blasir mikil bjartsýni fyrir hönd staðarins.

Fundi slitið kl. 16.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
fundarritari*

**86. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholti 29. júní 2021 kl. 13.**

Mætt: Drífa, Olga, Óskar og Ásborg. Auk þess sr. Kristján vígslubiskup og Herdís framkvæmdastjóri.

1. Fundarsetning. Drífa formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd.

3. Gisti-og veitingaþjónustan. Sigurbjörg Ólafsdóttir mætti á fundinn. Bókunarstaðan framundan er þökkaleg, einkanlega þó í Skálholtsbúðirnar. Aðsókn í mat fer hægt af stað en er þó stöðugt upp á við. Bókunarstaðan fyrir haustið lítur vel út. Fleira rætt (trúnaðarmál).

4. Ráðsmannsstaðan og staða viðhaldsverkefna. Gunnar Óskarsson fór yfir helstu framkvæmdir sem standa yfir, m.a. í Skálholtsbúðum, á kjallara gestastofu, slátt í kringum hús ofl.

5. Starfsmannamál. Herdís framkvæmdastjóri fór yfir ráðningu sumarstarfsmanna í Skálholti.

6. Fjármál og staða bókhaldsmála. Olga fór yfir stöðuna og ræddi m.a. drög að útkomuspá fyrir árið. Herdís framkvæmdastjóri fór yfir bókhaldsmál.

7. Dagskrá sumarsins. Herdís framkvæmdastjóri fór yfir helstu dagskrárliði sumarsins og markaðssetningu.

8. Erindi vegna hreinsunar á orgeli Skálholtskirkju. Málinu frestað og verði unnið í samhengi við framkvæmdir á innan dyra í kirkjunni.

9. Sumartónleikar og Skálholtshátíð. Herdís framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir dagskrá Sumartónleikana framundan en þeir hefjast 1. júlí nk. Kristján vígslubiskup sagði frá dagskrá Skálholtshátíðar 2021 sem haldin verður 16.-18. júlí nk.

7. Önnur mál. Kristján vígslubiskup fór yfir stöðuna á veiðileyfum sem lítur ágætlega út fyrir sumarið. Einnig var farið yfir stöðu framkvæmda á Þorláksleið.

Fundi slitið kl. 15:50.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
fundarritari*